

Reykjavík

Reykvíkingar

Finnur Ingólfsson verður til viðtals á skrifstofu Framsóknarflokksins í Nóatúni 21 föstudaginn 6. mars nk. kl. 10.00-12.00. Verið velkomin.

Framsóknarfélögin í Reykjavík.



Suðurland

Almennur stjórnmálafundur Suðurlandi

Almennur stjórnmálafundur með Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra og formanni Framsóknarflokksins verður haldinn í Njálshúsi laugardaginn 7. mars kl. 14.00. Fundurinn er öllum opin.

Framsóknarfélögin á Suðurlandi.



Reykjanes

Kópavogur

Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra verður til viðtals og ræðir húsnæðismál á skrifstofu Framsóknarflokksins í Hamraborg 5, laugardaginn 7. mars kl. 10-12. Verið velkomin.

Framsóknarfélögin í Kópvogi.



Norðurland vestra



Vestur Húnavetningar

Páll, Stefán, Elín og Sverrir boða til fundar laugardaginn 7. mars að Þorfinnsstöðum kl. 13.30 og að Víðigerði kl. 16.30. Komið og spjallið um pólitík og komandi kosningar.

Framsóknarfélagið.

Skagfirðingar – Sauðárkróksbúar

Komið í morgunkaffi með Stefáni í Framsóknarhúsið laugardaginn 7. þ.m. kl. 10-12 f.h. og spjallið um pólitík og komandi kosningar.

Framsóknarfélagið.



Vestfirðir


Vestfirðingar

Almennir stjórnmálafundir verða haldnir laugardaginn 7. mars á Þingeyri kl. 16.00 og sunnudaginn 8. mars á Flateyri. Frummælendur verða Ólafur Þ. Þórðarson og Pétur Bjarnason. Fundirnir eru öllum opnir.



Athugið


Þeir aðilar sem ætla sér að setja inn tilkynningar undir liðnum **Flokksstarf**, verða framvegis að skila þeim inn til blaðsins í síðasta lagi á hádegi, daginn fyrir birtingu þeirra.



Sjóminjasafn Íslands Gufuskipatímabilið

Sjóminjasafn Íslands, Vesturgötu 8, Hafnarfirði, auglýsir síðustu sýningar á gufuskipatímabilinu helgarnar 7.-8. mars og 14.-15. mars. Eftir það verður safnið lokað vegna breytinga þangað til í byrjun júní.

Þá verður opnað aftur með sýningu um íslenska árabátinn og byggist sú sýning á bókum Lúðvíks Kristjánssonar „Íslenskum sjávarhátum“. Verða til sýnis kort og myndir úr bókinni auk veiðarfæra, líkana o.fl.



Carl Fredrik Engelstad


Norræna húsið:

Kynning á norskum bókum

Á morgun, laugard. 7. mars kl. 16:00, verður kynning á norskum bókum í fundarsal Norræna hússins. Oskar Vistdal sendikennari kynnir bókaútgáfu síðasta árs í Noregi.

Norska rithöfundinum og gagnrýnandanum Carl Fredrik Engelstad var boðið til Íslands í þessu tilefni og les hann úr nýjustu bók sinni, „Lífenda land“, sem gagnrýnendur hafa nefnt sem eina merkustu norska skáldsögu eftir stríð, og fyrir hana hlaut höfundurinn „Riksmalspris“ árið 1986.

Carl Fredrik Engelstad fæddist í Hadsel í Norðurlandsfylki 1915. 1945 varð hann leikhúss- og bókmenntagagnrýnandi við „Morgenbladet“ í Osló og 1958-1960 ritstjóri um menningarmál við sama blað. 1946-49 var hann ritstjóri bókmenntatímaritsins „Spektrum“. Árin 1960 og '61 var Engelstad þjóðleikhússtjóri í Osló. Frá 1965 hefur hann starfað sem rithöfundur og greinahöfundur í „Aftenposten“.



Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður

Gallerí Svart á hvítu

við Óðinstorg:

Sýnir verk


Sigurðar Guðmundssonar

Í dag, föstud. 6. mars kl. 20:00, verður opnuð sýning á verkum Sigurðar Guðmundssonar í Gallerí Svart á hvítu við Óðinstorg.

Sigurður er fæddur í Reykjavík 1942 og stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960-1963, en hélt þá til Hollands og var við nám í Academie 63 í Haarlem 1963-64 og við Ateliers 63 í Haarlem 1970-1971.

Sýningin í Gallerí Svart á hvítu

er fyrsta einkasýning Sigurðar Guðmundssonar í Reykjavík síðan 1977. Á sýningunni sýnir Sigurður grafik, vatnslitamyndir og eina höggmynd. Sýningin stendur frá 6. mars - 15. mars og er opin alla daga kl. 14:00-18:00.



Skákkeppni stofnana og fyrirtækja 1987

Skákkeppni stofnana og fyrirtækja 1987 hefst í A-riðli mánud. 9. mars kl. 20:00 og í B-riðli miðvikudag 11. mars kl. 20:00. Teflt verður í félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur að Grensásvegi 44-46. Keppnin verður með svipuðu sniði og áður.

Þátttöku í keppnina má tilkynna í síma Taflfélagsins á kvöldin kl. 20:00-22:00. Lokaskráning í A-riðil verður sunnud. 8. mars kl. 14:00-17:00, en í B-riðil þriðjud. 10. mars kl. 20:00-22:00.



Listasafn ASÍ:

Myndvefnaður

Sýning Ásgerðar Búadóttur

Sýning á myndvefnaði Ásgerðar Búadóttur stendur nú yfir í Listasafni ASÍ, Grensásvegi 16. Á sýningunni eru verk frá liðlega síðustu tveimur árum.

Síðast hélt Ásgerður einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984, en hún hefur hin síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis, svo sem Scandinavia To-day, Borealis og sýningu í boði Kaupmanna-hafnarborgar ásamt Svavari Guðnasyni.

Ásgerður hefur verið valin einn þeirra íslensku listamanna sem taka munu þátt í norrænni list- og menningarkynningu í Japan í lok þessa árs.

Sýningin stendur til 15. mars og er opin daglega kl. 14:00-18:00, nema á sundudögum kl. 14:00-22:00.

Norræna húsið:

Norræn ljósmyndasýning

Í anddyri Norræna hússins hefur verið opnuð sýning, sem ber yfirskriftina NORRÆNAR LJÓSMYNDIR 85. Á sýningunni er úrval mynda eftir ljósmyndara frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, og markmiðið með sýningunni er að sýna listræna ljósmyndun frá sem flestum sjónarhornum. Frumkvæðið að sýningunni átti Finn Thrane, forstöðumaður Ljósmyndasafnsins (Museet for Fotokunst), sem hefur aðsetur í nýrri listamiðstöð í Óðinsvéum (Brandts Klædefabrik).

Íslendingarnir sem eiga myndir á sýningunni eru: Guðmundur Ingólfsson, Ólafur Lárusson, Jóhanna Ólafsdóttir, Valdís Óskarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jim Smart og Páll Stefánsson.

Sýningin verður opin á opnunartíma hússins kl. 09:00-19:00 alla daga nema sundudaga kl. 12:00-19:00. Sýningin stendur til 23. mars.

Bók um frjálslynda íhaldsstefnu

Garland Publishing í New York gaf í ársbyrjun út bókina Hayek's Conservative Liberalism eftir stjórnmálafræðinginn dr. Hannes Hólmstein Gissurarson, kennara við Háskóla Íslands. Fjallar bókinn um tengsl frjálslyndisstefnu og íhaldsstefnu með sérstöku tilliti til kenninga Friedrichs von Hayek, er hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði 1974, en hefur einnig getið sér orð sem stjórnmálafræðingur og heimspekingur.

Garland Publishing hefur áður gefið út fræðirit eftir Íslendinga, þar á meðal dr. Höskuldur Þráinsson, prófessor í málfræði. Bók dr. Hannesar Hólmsteins fæst í Bóksölu stúdenta og Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar.

Hreingerning, þvottur, verk-smiðjuvinna, – væri það efni í brag?

Samfelld bókmenntadagskrá um stórf kvenna

Sunnud. 8. mars kl. 14:00 gengst Borgarbókasafn ásamt Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi fyrir samfelldri bókmenntadagskrá í ljóðum og lausu máli, þar sem yrkisefnið er stórf kvenna, eins og þeim er lýst í íslenskum fagurbókmenntum, allt frá Eddukvæðum til okkar daga. Efnið er valið með hliðsjón af deginum 8. mars, baráttudegi kvenna.

Leikarar lesa valda kafla og flutt verður tónlist. Umsjónarmenn verða Ragnhildur Richter og Sigurros Erlingsdóttir bókmenntafræðingar.

Dagskrá þessi stendur frá kl. 14:00 til kl. 18:00. Meðan dagskrá stendur verður bókasafnið opið, og eins verður barnagæsla á staðnum. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Mjög auðvelt er að komast í Gerðuberg með strætisvagni, en leið 13, sem fer frá Lækjartorgi 5 mínútum fyrir heilan og hálfan tíma, stansar við Gerðuberg.



Skelltu hvorki skuld á hálku eða myrkur.

Það ert *þú* sem situr við stýrið.



Ferðu stundum á hausinn?



Hundruð gangandi manna slasast árlega í hálkuslysum.

Á mannbroddum, ísklóm eða neglum skóhlífum ertu „sveflkaldur/köld“.

Heimsæktu skósmiðinn!



Gengisskráning

5. mars 1987 kl. 09.15

	Kaup	Sala
Bandaríkjadólar	39,240	39,360
Sterlingspund	61,373	61,561
Kanadadólar	29,410	29,500
Dönsk króna	5,6646	5,68190
Norsk króna	5,6286	5,6458
Fænsk króna	6,0729	6,0915
Finnskt mark	8,6584	8,6849
Franskur franki	6,4086	6,4282
Belgískur franki BEC	1,0298	1,0329
Svissneskur franki	25,3129	25,3903
Hollenskt gyllini	18,8913	18,9490
Vestur-þýskt mark	21,3232	21,3884
Ítölsk líra	0,03000	0,03009
Austurrískur sch	3,0313	3,0406
Portúg. escudo	0,2765	0,2774
Spánskur peseti	0,3036	0,3045
Japanskt yen	0,25527	0,25605
Írskt pund	56,9180	57,0920
SDR þann 27.02	49,5365	49,6883
Evrópuþyngt	44,1882	44,3233
Belgískur fr. fin.	1,0200	1,0231
Samt. gengis 001-018	289,82797	290,71454

VÉLSLEÐAMENN!

Allar viðgerðir og stillingar á vélsleðum.

Kerti, olíur o.fl.



Tangarhöfða 7
130 Rvk
Sími 681135